



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA UM MAT Á STARFSALDRI TIL LAUNA

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 hvetur samninganefnd FG til að semja við SNS um að starfsaldur félagsmanna verði enn frekar en nú er, metinn til launa.

Meðalaldur grunnskólakennara fer sífellt hækkandi og starfsaldur eykst. Breytingar hafa verið gerðar á lífeyriskerfi landsmanna og eftirlaunaaldur hækkaður. Því er mjög brýnt að horft sé til verðmætrar starfsreynslu félagsmanna og hún metin að verðleikum við launasetningu. Margir félagsmenn hafa kallað eftir því að fá slíkt ákvæði inn í kjarasamninginn enda geti það aukið líkur á að kennarar séu lengur í starfi.